

Mættir eru: Petra Ruth Rúnarsdóttir meðstjórnandi og Heiða Hrólfsdóttir leikskólastjóri sem ritar fundargerð.

1. Starfsreglur foreldraráðs

Farið yfir starfsreglur foreldraráðs. Engar athugasemdir voru gerðar við þær starfsreglur sem fyrir eru. Samkvæmt starfsreglum er gert ráð fyrir að lágmarki 3 foreldrum í foreldraráð. Foreldraráð hvarmar það að ekki hafi náðst að manna þann fjölda eins og kveðið er á um í starfsreglum.

2. Vináttuverkefnið Blær

Vináttuverkefnið gengur vel að sögn leikskólastjóra og innleiðingin að þróast í rétta átt með teymisfundum sem settir verða á dagskrá á næstunni.

3. Útisivæði leikskólans

Leikskólastjóri upplýsti að á dagskrá er að fjarlægja gúmmímottur og tyrfa þar sem þyrfti á útisivæði, í sumarfríi leikskólans 2025.

4. Skólaárið

Farið yfir helstu atriði og áherslur í starfi leikskólans fram að sumarlokun.

5. Næsti fundur foreldraráðs

Á næsta fundi verður farið yfir drög að skóladagatali fyrir skólaárið 2025-2026. Leikskólastjóri mun senda foreldraráði drögin til yfirlstrar fyrir fundinn í febrúar 2025.